



**A 1700/hállbart**

Flytjandi:  
Flokkahópur miðjumanna

Afgreiðsla:  
Norræna sjálfbærnefndin

Málsnúmer: 16-00286-2

## Þingmannatillaga um að draga úr plastúrgangi á Norðurlöndum

### Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að innleiða norrænt bann við örplasti í bæði snyrtivörum og plastpokum úr ólífbrjótanlegu efni sem eru undir 50 míkronum að þykkt og rúma minna en 10 lítra

að skapa hvata að því að hætta notkun annarra plastpoka fyrir heildsölu og bjóða neytendum aðra sjálfbæra valkosti

að leggja til hið afmarkaða bann við þunnum og litlum plastpokum við hin Eystrasaltsríkin við tækifæri

### Aðdragandi

Hætta er á að plastúrgangur og plastleifar fari vaxandi í fæðukeðjunni. Einkum bíldekk og fiskiðnaður standa að baki mikils hluta plastúrgangs í hafinu kringum Norðurlöndin.

Flokkahópur miðjumanna telur að Norðurlöndin verði að taka framsækna afstöðu til vöruþróunar og endurvinnslu, en einnig að taka róttækar ákvarðanir þar sem kostur er til að draga úr plastúrgangi. Það þarf að gera það eftirsóknarvert á Norðurlöndunum að skipta úr plasti í lífrænt efni sem er lífbrjótanlegt.

Bann við örplasti gengur í gildi í Bandaríkjunum árið 2017. Bandaríska bannið við örplasti leiddi til sameiginlegrar afstöðu norrænu ráðherranna, sem og bréfs danska umhverfisráðherra Esben Lunde Larsen til framkvæmdanefndar ESB um bann við örplasti í umönnunarvörum. Það er því bæði möguleiki og vilji til að koma á banni við örplasti á Norðurlöndunum.

Stærsta uppspretta örplasts er þó bíldekk. Því væri mikilvægt að skoða möguleikana á að draga úr úrgangi sem stafar frá örplasti í bíldekkjum innan ramma umhverfismerkisins Svansins.

Norðurlandaráð

Bann við notkun þunnra plastpoka og hækkuð gjöld á þykka plastpoka, sem og algjört bann við notkun plastpoka hefur nú þegar verið innleitt í Bangladesh (2002), Suður-Afríku (2003), á sumum stöðum í Indlandi (síðan 2003) og Rúanda (2008) - til þess að nefna bara fá meðal margra landa. Núna nýverið hér árið 2016 innleiddi Frakkland bann við plastpokum sem rúma minna en 10 lítra og eru undir 50 míkronum að þykkt.

## A 1700/hállbart

Flytjandi:  
Flokkahópur miðjumanna

Afgreiðsla:  
Norræna sjálfbærinefndin

Málsnúmer: 16-00286-2

Með tilliti til áætlaðs kostnaðar við franska bannið við plastpokum, leggur flokkahópur miðjumanna til að dregið verði í áföngum úr notkun þunnra og lítilla plastpoka, þ.e.a.s. að plastpokar sem nú þegar eru í notkun í heildsölu verði notaðir, en að nýir pokar verði ekki keyptir eftir að bannið tekur gildi. Hætta er á að algjört bann við plastpokum væri erfitt í framkvæmd, því er bann sem afmarkast við litla plastpoka með stuttri endingu sanngjarnara.

Bannið við plastvörunum krefst breytinga á snyrtivöru-, efnavöru- og plastiðnaðinum og mun þrýsta niður verðinu á umhverfisvænni valkostum með tímanum. Líka með tilliti til ESB hafa Norðurlöndin fulla ástæðu til að vera virk og sýna frumkvæði. Stefna í úrgangsmálum er háð reglum ESB og núna er í gangi vinna við að breyta reglum í tengslum við auknar aðgerðir til að efla hringrásarhagkerfið. Auk þess hefur ESB uppi áform um að móta stefnu um plast. Það er eftirtektarvert að reglur ESB eru mjög almenns eðlis og setja markmið og ramma, en löndin ákveða sjálf hvaða aðgerðum þau hrinda í framkvæmd til að ná settum markmiðum. Reglur ESB koma því ekki í veg fyrir aukið norrænt samstarf og samræmingu á þessu sviði. Öllu heldur er mikilvægt að Norðurlöndin eigi sameiginlegt frumkvæði um plastúrgang og plast, til stuðnings hlutverki svæðisins sem brautryðjanda á sviði líforku. Norðurlöndin eiga einnig að vísa veginn fyrir önnur lönd við Eystrasaltið eins og Pólland, Lettland og Eistland, sem nota mun meira af plastpokum en Norðurlöndin sem liggja að Eystrasaltinu.

Helsinki, 14. október 2016

*Anna-Maja Henriksson (sv)*  
*Arto Pirttilahti (cent)*  
*Britt Lundberg (ÅC)*  
*Eva Kjer Hansen (V)*  
*Hanna Kosonen (cent)*  
*Jan Lindholm (MP)*  
*Jenis av Rana (Mfl.)*  
*Johanna Karimäki (gröna)*  
*Katri Kulmuni (cent)*

*Krista Mikkonen (gröna)*  
*Lars Tysklind (L)*  
*Mikael Staffas (Lib)*  
*Mikko Kärnä (cent)*  
*Penilla Gunther (KD)*  
*Rigmor Andersen Eide (KrF)*  
*Ruth Vang (Framsókn)*  
*Staffan Danielsson (C)*  
*Tillie Martinussen (D)*